




Ársskýrsla 2011



Skýrsla framkvæmdastjóra 2011

Rekstrarreikningur

Rekstrarreikningur HEF vegna ársins 2011 gefur til kynna að enn eru blikur á lofti hvað varðar verðbólgu og gengislækkunar, allavega hafa þessir tveir þættir veruleg áhrif á stöðu félagsins. Engu að síður hefur mikil eignamyndun átt sér stað starfsárið 2011.

Heildartekjur HEF á árinu 2011 námu 291,5 millj. kr. samanborið við 186,2 millj. kr. árið 2010 og hækka því um 56,6% milli ára. Tekjur ársins vegna vatnssölu námu 177,6 millj. kr. samanborið við 164,7 millj. kr. á árinu 2010 og hækka um 7,8% frá fyrra ári. Fastagjald nam 16,2 millj. kr. 2011 en 13,7 millj. kr. árið 2010 og hækka því um 18,2%. Álögd fráveitugjöld voru 81,1 millj. kr. og aðrar tekjur 16,6 millj. kr. Árið 2011 var tekið upp nýtt fyrirkomulag um álagningu vatnsgjalds sem hafði um árabil miðast við verðgildi húseignar skv. fasteignamati en með nýjum reglum er miðað við fermetrastærð húsnæðis. Álögd vatnsgjöld 2011 voru 61,1 millj. kr. samanborið við 59,9 millj. kr. árið 2010 sem er um 2% hækkun.

Rekstrargjöld án afskrifta námu 116,8 millj. kr. samanborið við 82,7 millj. kr. árið 2010 og hækka því um 41,2% milli ára og skiptir þar mestu rekstur fráveitukerfis sem nam 32,8 millj. kr. árið 2011.

Hagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og tekjuskatt (EBITDA) nam því 174,7 millj. kr. samanborið við 82,7 millj. kr. hagnað árið áður. EBITDA sem hlutfall af rekstrartekjum ársins nam því 59,9% samanborið við 55,6% frá árinu 2010.

Afskriftir námu 64,5 millj. kr. samanborið við 37,7 millj. kr. árið 2010, þar af nema afskriftir vegna fráveitu 25,7 millj. kr.

Rekstrarhagnaður fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld á árinu nam því 110,3 millj. kr. samanborið við 65,8 millj. kr. árið 2010. Hrein fjármagnsgjöld námu 107,0 millj. kr. samanborið við 4,8 millj. kr. árið 2010. Skýrist þessi mikla hækkun af yfirtöku skulda fráveitu, verðbólguþróun, breytingu á gengi íslensku krónunnar og lántöku ársins.


Hagnaður ársins fyrir reiknaðan tekjuskatt er 2,4 millj. kr. samanborið við 60,4 millj. kr. hagnað árið 2010. Reiknaður tekjuskattur er jákvæður sem nemur 49,0 millj. kr. Rekstrar- niðurstaða er því 51,4 millj. kr. í hagnað samanborið við 60,1 millj. kr. árið áður.

Efnahagsreikningur


Heildareignir félagsins í árslok 2011 samkvæmt efnahagsreikningi námu 1.779,4 millj. kr. samanborið við 1.075,8 millj. kr. í árslok 2010. Óefnislegar eignir námu 1,4 millj. kr. í árslok 2010, á þetta við um vatnsréttindi sem eru gjaldfærð á 50 árum. Varanlegir rekstrarfjármunir námu 1.624,3 millj. kr. í árslok 2011 samanborið við 1.002,2 millj. kr. árið 2010, þar af námu eignir vatnsveitunnar 419,2 millj. kr. samanborið við 419,4 millj. kr. í árslok 2010.

Áhættufjármunir og langtímakröfur eru 92,8 millj. kr. í árslok, en voru 49,8 millj. kr. í árslok 2010. Þar af nemur skatteign 81,0 millj. kr.

Rekstrartekjur í millj. kr.



Hagnaður EBITDA í millj. kr.



Eigið fé félagsins er 318,7 millj. kr. í árslok 2011 samanborið við 136,7 millj. kr. í árslok 2010 og er eiginfjárlutfall félagsins 17,9% samanborið við 12,7% í árslok 2010. Hækkun eiginfjár vegna yfirfærslu fráveitu nam 130,6 millj. kr.

Heildarskuldir samkvæmt efnahagsreikningi námu 1.460,7 millj. kr. í árslok 2011 samanborið við 939,1 millj. kr. í árslok 2010 og hafa því lækkað um 55,5 % milli ára sem skýrist af háum leiguskuldu fráveitu og lántöku vegna nýframkvæmda.

Langtímaskuldir námu alls 1.349,8 millj. kr. í árslok, samanborið við 849,9 millj. kr. árið áður og nemur hækkun á milli ára um 58,8 %.

Skammtímaskuldir námu 110,9 millj. kr. í árslok 2011 samanborið við 89,3 millj. kr. í árslok 2010 og hafa því hækkað um 24,2% á milli ára.

Veltufjárlutfall er 0,55 í árslok 2011 samanborið við 0,3 árið áður, æskilegt er að veltufjárlutfallið sé að jafnaði 1,0 þannig að veltufjármunir á hverjum tíma nægi til greiðslu skammtímaskulda.

Sjóðstreymi

Veltufé frá rekstri nam 129,2 millj. kr. á árinu 2011 eða 44,3% af heildartekjum ársins samanborið við 80,7 millj. kr. á árinu 2010 og er þetta hækkun um 48,5 millj. kr. eða 60,1%. Að teknu tilliti til breytinga á rekstrartengdum eignum og skuldum er handbært fé frá rekstri 202,2 millj. kr. samanborið við 92,2 millj. kr. 2010.

Fjárfestingarhreyfingar námu samtals 252,3 millj. kr. á árinu og greindust þannig að fjárfestingar í hitaveitu námu 235,5 millj. kr., fjárfestingar í vatnsveitu náum 13,7 millj. kr. og fjárfesting fráveitu 3,0 millj. kr.

Fjármögnunarhreyfingar ársins voru jákvæðar um 69,9 millj. kr. skýring afborganir langtímalána voru lægri en nýjar lántökur. Ný lán námu samtals 325,0 millj. kr. en á móti nam greiðsla af langtímalánum 232,8 millj. kr. Afborganir leiguskulda að fjárhæð 17,0 millj. kr. og greiðsla skammtímaskulda við lánastofnanir að fjárhæð 5,3 millj. kr. Handbært fé hækkar því á árinu um 19,9 millj. kr. og nam 20,1 millj. kr. í árslok 2011.


Viðskiptakröfur

Samkvæmt efnahagsreikningi námu viðskiptakröfur félagsins 40,7 millj. kr. í árslok 2011 samanborið við 21,2 millj. kr. í árslok 2010. Þar af nam niðurfærsla viðskiptakrafna 16,1 millj. kr. í árslok 2011 samanborið við 14,9 millj. kr. í árslok 2010.


Starfsemin á árinu

Heildarmagn af heitu vatni frá borholum við Urriðavatn nam um 1.468.000 tonnum, meðalvinnsla er því 45,6 lítrar/sek. eða um 167 þús. lítrar á klukkustund. Desembermánuður 2011 er kaldasti mánuður sem mælst hefur frá árinu 2000 á veðurstöð HEF við Tjarnarbraut, meðalhiti mánaðarins var -3,8°C. Samhliða þessu kuldakasti þá varð heitavatnsnotkun fyrir mánuðinn 185.335 tonn og hefur aldrei verið meiri, en meðaldæling frá Urriðavatni var í 69,2 lítrar/sek eða um 250 þúsund lítrar á klst. Á álagstíma fór vinnslan yfir 90 lítra á sek eða um 325 þúsund lítra á klst. Umreiknað afl = 15,4 MW.


Meðal gjaldfrestur í dögum



Viðskiptakröfur í millj. kr.



Fjármagnskostnaður í millj. kr.



Sala á heitu vatni í rúmmetrum talið jókst um 43.400 tonn og varð samtals 1.381.998 tonn á árinu 2011 og nemur aukningin um 3,2 % frá fyrra ári.


Meðalvinnsla frá borholunum við Urriðavatn var um 45,56 lítrar/sek. eða um 167 þús. lítrar á klukkustund. Heildarvatns-sala í krónum talið, með fastagjaldi, jókst um 14,4 millj. kr. eða um 12,6%.

Stærstu notendur eru eins og áður Haustak hf. með um 148 þús. tonn og Sundlaug Egilsstaða er með um 85 þús. tonn. Vegna mikilla viðskipta fá þessir aðilar magnafslátt og nam hann á árinu 2011 um 11,4 millj. kr. Notkun á heitu vatni til afbræðslu á íþróttavöllum var um 46 þús. tonn og er aukning um 10% frá árinu 2010. Gróðurhúsin hjá Barra eru með um 26 þús. tonna notkun. Árið 2010 var notkun Barra um 18 þús. tonn þannig að aukning á milli ára er um 44%. Þessir aðilar eru einnig með afslátt af orkuverði og umreiknað er orkuverðið 2,05 kr. á kWh.

Verkefni veitunnar eru eins og fyrr helst í viðhalds- og fyrirbyggjandi verkefnum m.a. voru endurnýjaðar nokkrar heimæðar hita og kaldavatnsveitu og fráveitulagna. Einnig var skipt út búnaði í heitavatnsbrunnnum og komið fyrir þrýstíminkunarbúnaði á úrtökum af stofnlögn frá kyndistöðinni í Fellabæ að dælustöð við Tjarnarbraut.

Meiri dæling frá kyndistöðinni í Fellabæ hefur krafist öflugri heimtaugar og hefur verið skipt út búnaði í rafmagnstöflu til að bregðast við aukinni notkun. Hlutverk kyndistöðvar hefur breyst á undanförunum árum úr kyndistöð í dælustöð, en tvær skerpidælur 90 kW og 50 kW hafa það hlutverk að koma nægjanlegu magi af vatni frá Fellabæ að dælustöð við Tjarnarbraut. Rekstur hitaveitukerfis gekk vel og nam rekstrarkostnaður 20,2 millj. kr. samanborið við 22,4 millj. kr. árið 2010 sem er lækkun um 10% eða um 2 millj. kr. Munar þar mestu á að rannsóknar- og eftirlitskostnaður er um 1,2 millj. kr. lægri og viðhald á dreifikerfi og dælubúnaði lækkar um 1,0 millj. kr. Kostnaður við rafmagnskaup er óbreyttur frá fyrra ári.

Hlutfallsleg skipting sölutekna ársins 2011



Kyndistöðin hefur á undanförunum árum verið að breytast í öfluga dælustöð og er uppsett afl í dælubúnaði 140 kW og er verið að vinna að lausn með uppsetningu varaafsstöðvar.

Kaldavatnsöflun frá Köldukvísl á Eyvindarárdal hefur gengið að óskum og er dælt frá kaldavatnsvirkjun um 589 þúsund tonnum inn á vatnsveitukerfið á Egilsstöðum og í Fellabæ eða um 40% af því magni sem við notum af heitu vatni.

Heildartekjur af álögðu vatnsgjaldi og vatnssölu skv. mæli nam um 66,0 millj. kr. og hækkaði um 0,2 millj. kr. frá fyrra ári, sem er í raun lækkun miðað við stækkun vatnsveitunnar, ástæðan er fyrst og fremst vegna breytinga á álagningarreglum vatnsgjaldsins frá því að miða álagninguna við fasteignamat húsnæðis en er nú miðuð við fermetratölu húsnæðis.

Töluvert var um bilanir í lagnakerfinu á Egilsstöðum og í Fellabæ sem greiðlega gekk að lagfæra og um leið að upplýsa okkur um lagnaleiðir og hvers má vænta af bilanatíðni í lagnakerfinu í nánustu framtíð.

Rekstur vatnsveitnanna á Brúarási, Eiðum og Hallormsstað hefur gengið vel og hafa sýnatökur og eftirlit úr vatnveitukerfum staðist gæðakröfur. Kostnaður við rekstur vatnsveitunnar er um 14,9 millj. kr. og hækkar um 0,4 millj. kr. frá fyrra ári þrátt fyrir hækkun í viðhaldi dreifikerfis um 2,0 millj. kr. á milli ára. Munar þar mestu á lækkun rafmagnkostnaðar um 1,0 millj. kr. og lækkun á eftirlits- og sýnatökukostnaði.

Álögð gjöld fráveitu voru 81,1 millj. kr. Kostnaður við rekstur fráveitukerfis nam 32,8 millj. kr. Helstu liðir eru viðhald dreifikerfis 17,6 millj. kr. rekstur hreinsivirkja 11,3 millj. kr. rafmagn á hreinsivirki 2,8 millj. kr., rafmagn á dælubrunna 0,3 millj. kr., eftirlit og sýnataka 0,8 millj. kr.

Áhersla var lögð á varanlegar úrbætur í þeim verkefnum þar sem því var hægt að koma við t.a.m. var dregin 180 mm. PEH lögn inn í 220 mm. steinlögn frá Útgarði í Tjarnarbraut. Lokið við að tengja lagnir við Fagradalsbraut og þá voru endurnýjaðar lagnir úr Fjóluhvammi í hreinsivirki.

Mikil greiningavinna hefur farið fram í tengslum við úrbætur við fráveituna og er nú þegar búið að flokka um 130 verkefni af ýmsum stærðum og gerðum til næstu ára, fyrirsjáanlegt er að taka verður á um 14 verkefnum hér á Egilsstöðum og í Fellabæ, helst fyrir sumarið.

Við Köldukvísl er verið að undirbúa borun á KVV 3 þ.e.a.s. þriðju vinnsluholunni á svæðinu, en hola KVV1 hefur frá upphafi verið með lélegt innrennsli og einungis getað afkastað um 10 lítr/sek. KVV2 er okkar aðal vinnsluhola og getur afkastað allt 30 lítrum/sek. Þannig að ef eitthvað fer úrskeiðis með þá holu þá erum við ekki í góðum málum.

Í skoðun er að flytja vararafstöð frá Urriðavatni í kyndistöðina og fá nýja 200kW stöð fyrir virkjunina við Urriðavatn.

Hitaveita Egilsstaða og Fella er aðili að Samorku, sem eru samtök um rekstur hitaveitna, vatnsveitna, fráveitna og rafmagnsveitna, samtökin gegna veigamiklu hlutverki í rekstri og umhverfi veitnanna og ekki síst þeirra sem eru í smærri kantinum.

HEF á um 45% eignarhlut í Skógarorku á Hallormsstað og skv. ársreikningi er eignarhluturinn á bókfærðu verði um 9,5 millj. kr. Árið 2011 voru tvönn útböð vegna fjármögnunar, það fyrri í maímánuði og það seinna í nóvember. Íslandsbanki og Arion banki áttu hagstæðustu tilboðin, samtals var lántaka vegna framkvæmda og endurfjármögnunar 325,0 millj. kr. þar af nam uppgreiðsla við LS 184,2 millj. kr. en samtals námu greiðslur af langtímalánum um 232,8 millj. kr.

Útgefnir áætlunarreikningar voru um 14.500, alls voru gerðir um 21 þúsund reikningar í orkukerfinu þar með taldir eru uppgjorsreikningar, álestrarreikningar og heimæðareikningar. Þessar reikningsgerðir eru fyrir utan bókanir og færslur í fjárhagsbókhaldi. Álestur af hitaveitu og vatnsmælum fór fram í nóvember og er það á höndum sömu einstaklinganna sem séð hafa um álesturinn til fjölda ára.

Aðalviðskiptabanki HEF er Arion banki, en viðskipti við Íslandsbanka hafa aukist nokkuð að undanfögnu.

KPMG hf. Egilsstöðum hefur endurskotið ársreikning félagsins eins og undanfarin ár ásamt því að aðstoða við reikningsskil innan ársins og vinnu við fjárhagsáætlanagerð. Hafa þau jafnan verið gerð fyrir tímabilið 1. janúar til 31. ágúst ár hvert og reynst vel fyrir stjórnendur veitunnar.


Nýframkvæmdir

Í lok árs 2010 var gerð könnun meðal sumarhúsaeigenda á tengingu við hitaveitu ef lögð væri hitaveitulögn inn Velli. Miðað var við að fara í framkvæmdina ef ákveðið hlutfall næðist eða um 80%. Samþykktin varð að vera undirrituð og vottuð. Nægjanleg þátttaka náðist svo skrifleg og hófst þá endanleg hönnun og efnisútböð vegna Vallaveitu. Útböð í stofnlögn og sumarhúsabyggð á Einarsstöðum og Úlfsstöðum var í mars og tilboðin opnuð í apríl. Alls bárust 11 tilboð í hvorn verkhluta. Samið var við lögstjórnendur í stofnlögn RBG verktaka ehf. og Línuborun ehf. með lagnir í sumarhúsabyggð. Vegna hagstæðra tilboða í þessi verk og framvindu verkanna var ákveðið að bjóða einnig út framkvæmdir við endurnýjun 500 metra stofnlagnar norðan kyndistöðvar ásamt sveitalögnum og voru tilboð opnuð í ágústmánuði í þessa verkþætti, sex tilboð bárust í þessi verk og var sem fyrr samið við lögstjórnendur ÞS. Verktaka ehf. um stofnlögnina og Gæðaverk ehf. með sveitalagnir. ÞS. Verktakar ehf. voru einnig með verk frá fyrra ári, frá Randa-bergi að Uppsölum.


Skipting sölu 2011

| Tegund sölu | Fjöldi Sala um mæl. Heildartekjur | | |
|-------------|-----------------------------------|----------------|-----------|
| | hú sveitne | m ³ | kr. |
| Almenn sala | 1.133 | 1.074.247 | 12.674.20 |
| Iðnaður | 1 | 145.779 | 6.712.66 |
| Þróttamannv | 4 | 131.131 | 7.069.07 |
| Snjóbræðsla | 1 | 4.041 | 394.93 |
| Gróðurhús | 1 | 26.790 | 1.706.52 |
| Samtals | 1.140 | 1.381.988 | 28.557.40 |


Eigið fé í millj. kr.



Veltufjórhlutfall



Samanburður á þróun verðskrár og verðlags



Samhliða stofnlögn hitaveitunnar inn Velli var lagður ljósleiðari að Einarssstöðum og kaldavatnslögn að Unalæk þar sem áætlað er að reisa frístunda- og íbúðabyggð.

Starfsmenn HEF ásamt verktökum sáu um uppsetningar á dælubúnaði og fjarskiptabúnaði, en tveir dælubrunnar eru á Vallaveitulögn, í Hamragerði og við Kaldá, er dælum og eftirlitsbúnaði stjórnað með örbylgjusambandi frá hitaveitutanki á Valgerðarási. Nýframkvæmdir hitaveitu eru samtals um 235.5 millj. kr.

Nýframkvæmdir vatnsveitu voru í heild 13,7 millj. kr. og voru stærstu liðirnir lagnakerfi í dreifbýli fyrir um 10,0 millj. kr. og endurnýjun í dreifikerfi og heimæðum fyrir um 2,2 millj. kr. Dælubúnaður og fl. fyrir um 1,5 millj. kr.

Nýframkvæmdir í fráveitu voru helstar í dreifikerfi fyrir 2,6 millj. kr. og vegna heimæðalagna 0,4 millj. kr. Alls voru nýframkvæmdir fyrir 252.3 millj. kr.

Framtíðarsýn

Ekki er vitað hvað miklu magni má dæla úr virkjunarsvæðinu við Urriðavatn án þess að ógna sjálfbærni svæðisins og hafa sérfræðingar minnst á allt að tvöföldun miðað við uppgefið magn í dag sem hægt sé að dæla úr virkjunarsvæðinu eða um 150 lítra/sek til viðbótar sem samsvarar um 25 MW.

Takmörkun er háð hve langt er hægt að teygja sig með lagnir fyrir heitt vatn því þrátt fyrir góð efni til einangrunar þá takmarkast lagnalengdir við öflugan notanda á endastöð til að halda uppi hitastigi. Löngu tímabær er, eins og oft áður hefur komið fram, endurnýjun stofnlagnar til Egilsstaða enda framkvæmd sem ekki má draga öllu lengur.

Það væri góð framtíðarsýn að sjá fyrir sér gróðrarstöðvar, öfluga grænmetis- og matvælaframleiðslu eða frekari iðnaðarframleiðslu sem byggðist á notkun heita vatnsins í nálægð við starfsemi Barra og Haustaks.

Þá er ylströnd við Urriðavatn örugglega kærkominn kostur fyrir ferðaþjónustu og íbúa svæðisins.

Hvað varðar vatnsveituna þá hefur virkjun vatnsins við Köldukvísl sannað ágæti sitt hvað varðar styrk svæðisins og gæði vatnsins.

Fráveitumál munu á næstu árum verða fyrirferðamikil á framkvæmdasviði, huga þarf að á næstu misserum eða mánuðum hvort heppilegri og hagkvæmari lausnir séu í farvatninu til lengri tíma litið við úrvinnslu og rekstur hreinsistöðva.

Guðmundur Davíðsson

Framkvæmdastjóri Hitaveitu Egilsstaða og Fella ehf.

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Hitaveita Egilsstaða og Fella er einkahlutafélag og sjálfstætt þjónustufyrirtæki sem rekur hitaveitu, vatnsveitu og fráveitu á þjónustusvæði sínu.

Ársreikningur Hitaveitu Egilsstaða og Fella fyrir árið 2011 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Í ársbyrjun yfirtók Hitaveita Egilsstaða og Fella rekstur fráveitu Fljótsdalshéraðs. Yfirfærsla eigna og skulda átti sér stað á bókfærðu verði og hækkaði eigið fé félagsins um 130,6 millj. kr. við yfirfærsluna.

Hagnaður varð af rekstri Hitaveitu Egilsstaða og Fella á árinu sem nam 51,5 millj. kr. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir félagsins 1.779,2 millj. kr. í árslok. Eigið fé nam 318,7 millj. kr. í árslok og er eiginfjárlutfall félagsins 17,9%.

Í árslok 2011 nam hlutfé félagsins 433,3 millj. kr. og hafði hækkað um 333,3 millj. kr. á árinu. Ekki varð breyting á hluthöfum félagsins á árinu en allt hlutfé félagsins er í eigu sveitarfélagsins Fljótsdalshéraðs.

Stjórn félagsins leggur til að ekki verði greiddur arður til hluthafa á árinu 2012 vegna rekstrarársins 2011, en vísar að öðrum leyti til ársreikningsins um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og framkvæmdastjóra Hitaveitu Egilsstaða og Fella eru reikningskil félagsins í samræmi lög um ársreikninga. Að áliti stjórnar og framkvæmdastjóra gefur ársreikningurinn glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu 31. desember 2011 og rekstrarafkomu félagsins sem og breytingu á handbæru fé á árinu.

Það er álit stjórnar og framkvæmdastjóra að ársreikningurinn og skýrsla stjórnar geymi glögg yfirlit um þróun og árangur í rekstri fyrirtækisins stöðu þess og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem fyrirtækið býr við.

Stjórn og framkvæmdastjóri Hitaveitu Egilsstaða og Fella staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2011 með undirritun sinni.

Egilsstöðum, 12. mars 2012

Í stjórn fyrirtækisins:

Þorvaldur P. Hjarðar
Skúli Björnsson
Árni Kristinsson
Gunnar Jónsson
Helgi Ómar Bragason

Framkvæmdastjóri:

Guðmundur Davíðsson

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og eiganda Hitaveitu Egilsstaða og Fella ehf.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Hitaveitu Egilsstaða og Fella ehf. fyrir árið 2011. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem þeir telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um hvort ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningsskilaaðferðir og matsaðferðir sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2011, fjárhagsstöðu þess 31. desember 2011 og breytingu á handbæru fé á árinu 2011, í samræmi við lög um ársreikninga.

Staðfesting vegna skýrslu stjórnar

Í samræmi við ákvæði 5. tl. 1. mgr. 106 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Egilsstöðum, 12. mars 2012

KPMG ehf.

Magnús Jónsson

Rekstrarreikningur 2011

| | Skýr. | 2011 | 2010 |
|---|--------|--------------------|--------------------|
| Rekstrartekjur: | | | |
| Vatnssala | | 116.457.712 | 104.858.355 |
| Álögð vatnsgjöld | | 61.136.992 | 59.906.981 |
| Álögð fráveitugjöld | | 81.063.917 | 0 |
| Fastagjöld | | 16.221.678 | 13.662.155 |
| Aðrar tekjur | | 16.664.194 | 7.764.992 |
| | | <u>291.544.493</u> | <u>186.192.483</u> |
| Rekstrargjöld: | | | |
| Laun og launtengd gjöld | 4 | 30.998.349 | 28.613.555 |
| Rekstur veitukerfa | | 67.974.645 | 37.028.698 |
| Annar rekstrarkostnaður | | 17.828.258 | 17.075.463 |
| | | <u>116.801.252</u> | <u>82.717.716</u> |
| Rekstrarhagnaður án afskrifta, fjármunatekna og fjármagnsgjalda | | 174.743.241 | 103.474.767 |
| Afskriftir | 7 | <u>64.482.157</u> | <u>37.668.456</u> |
| Rekstrarhagnaður án ,fjármunatekna og fjármagnsgjalda | | 110.261.084 | 65.806.311 |
| Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld | 5 | (107.024.700) | (4.747.918) |
| Áhrif hlutdeildarfélags | | <u>(802.648)</u> | <u>(656.186)</u> |
| Hagnaður fyrir tekjuskatt | | 2.433.736 | 60.402.207 |
| Tekjuskattur ársins | 2i, 11 | <u>49.037.120</u> | <u>(309.195)</u> |
| Hagnaður ársins | 14 | <u>51.470.856</u> | <u>60.093.012</u> |

Efnahagsreikningur

| Eignir | | Skýr. | 2011 | 2010 |
|--|--------|-----------------------|-----------------------------|-----------------------------|
| Fastafjármunir: | | | | |
| Óefnislegar eignir: | | | | |
| Vatnsréttindi | 2d, 6 | | 1.366.861 | 1.421.535 |
| Varanlegir rekstrarfjármunir: | | | | |
| Vatnsveitukerfi | | | 419.176.714 | 419.381.241 |
| Fráveitukerfi | | | 240.236.106 | 0 |
| Borholur og dreifikerfi hitaveitu | | | 772.780.122 | 563.330.076 |
| Kyndistöð, áhöld og búnaður | | | 20.815.026 | 19.529.004 |
| Leigðar eignir, hreinsivirki fráveitu | | | 171.319.722 | 0 |
| | 2f, 7 | | <u>1.624.327.690</u> | <u>1.002.240.321</u> |
| Áhættufjármunir og langtímakröfur: | | | | |
| Eignarhlutir í hlutdeildarfélagi | 2h, 8 | | 9.547.639 | 10.350.287 |
| Tekjuskattseign | 2i, 11 | | 81.028.040 | 31.990.920 |
| Verðbréfaeign í skuldabréfa- og peningamarkaðssjóðum | 2j, 12 | | 2.216.450 | 4.451.307 |
| | | | <u>92.792.129</u> | <u>46.792.514</u> |
| | | Fastafjármunir | <u>1.718.486.680</u> | <u>1.050.454.370</u> |
| Veltufjármunir: | | | | |
| Skammtímakröfur: | | | | |
| Viðskiptakröfur | 2k, 13 | | 40.725.485 | 21.221.283 |
| Kröfur á tengda aðila | | | 0 | 1.190.727 |
| Aðrar skammtímakröfur | | | 91.722 | 2.751.148 |
| Handbært fé | 2l | | 20.125.398 | 224.002 |
| | | Veltufjármunir | <u>60.942.605</u> | <u>25.387.160</u> |
| | | Eignir samtals | <u><u>1.779.429.285</u></u> | <u><u>1.075.841.530</u></u> |

31. desember 2011

Eigið fé og skuldir

| | Skýr. | 2011 | 2010 |
|--|------------------------------------|----------------------|----------------------|
| Eigið fé: | | | |
| Hlutafé | | 433.306.421 | 100.000.000 |
| (Ójafnað), óráðstafað eigið fé | | (114.581.875) | 36.695.360 |
| | Eigið fé 14 | <u>318.724.546</u> | <u>136.695.360</u> |
| Langtímaskuldir: | | | |
| Skuldir við lánastofnanir | 15 | 965.525.541 | 828.394.606 |
| Skuldir við tengda aðila | 16 | 5.989.819 | 7.589.805 |
| Leiguskuldir | 17 | 283.080.202 | 0 |
| Fyrirframinnheimtar tekjur | 18 | 95.221.748 | 13.874.691 |
| | | <u>1.349.817.310</u> | <u>849.859.102</u> |
| Skammtímaskuldir: | | | |
| Skuldir við lánastofnanir | | 207.840 | 5.512.499 |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda | 15 | 53.133.229 | 51.970.944 |
| Næsta árs afborganir skulda við tengda aðila | 16 | 1.996.607 | 0 |
| Næsta árs afborganir leiguskulda | 17 | 18.603.350 | 0 |
| Næsta árs innlausn fyrirframinnheimtra tekna | 18 | 2.521.465 | 423.781 |
| Viðskiptaskuldir | | 18.874.439 | 14.938.769 |
| Skammtímaskuld við tengda aðila | | 1.194.193 | 0 |
| Aðrar skammtímaskuldir | | 14.356.306 | 16.441.075 |
| | | <u>110.887.429</u> | <u>89.287.068</u> |
| | Skuldir samtals | <u>1.460.704.739</u> | <u>939.146.170</u> |
| | Eigið fé og skuldir samtals | <u>1.779.429.285</u> | <u>1.075.841.530</u> |

Skuldbindingar utan efnahags 20

Sjóðstreymisyfirlit 2011

| | Skýr. | 2011 | 2010 |
|---|-------|------------------------|-----------------------|
| Rekstrarhreyfingar: | | | |
| Hagnaður samkvæmt rekstrarreikningi | 14 | 51.470.856 | 60.093.012 |
| Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi: | | | |
| Afskriftir | 7 | 64.482.157 | 37.668.456 |
| Verðbætur og gengismunur | | 61.440.964 | (18.054.578) |
| Áhrif hlutdeildarfélags | | 802.648 | 656.186 |
| Tekjuskattur, breyting | | (49.037.120) | 309.195 |
| Veltufé frá rekstri | | <u>129.159.505</u> | <u>80.672.271</u> |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum: | | | |
| Skammtímakröfur, (hækkun), lækkun | | (15.654.049) | 14.635.434 |
| Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun) | | 3.045.095 | (16.830.271) |
| Fyrirframinnheimtar tekjur, breyting | | 83.444.741 | 12.862.672 |
| Verðbréfeign, breyting | | 2.234.857 | 813.949 |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum | | <u>73.070.644</u> | <u>11.481.784</u> |
| Handbært fé frá rekstri | | <u>202.230.149</u> | <u>92.154.055</u> |
| Fjárfestingarhreyfingar: | | | |
| Kaup á varanlegum rekstrarfjármunum, hitaveita | 7 | (235.530.711) | (55.221.960) |
| Kaup á varanlegum rekstrarfjármunum, vatnsveita | 7 | (13.691.085) | (24.952.146) |
| Kaup á varanlegum rekstrarfjármunum, fráveita | 7 | (3.045.459) | 0 |
| Fjárfestingarhreyfingar | | <u>(252.267.255)</u> | <u>(80.174.106)</u> |
| Fjármögnunarhreyfingar: | | | |
| Skuldir við lánastofnanir, breyting | | (5.304.659) | 5.512.499 |
| Tekin langtímalán | | 325.000.000 | 0 |
| Afborganir langtímalána | | (232.793.085) | (45.746.531) |
| Afborganir leiguskulda | | (16.963.754) | 0 |
| Fjármögnunarhreyfingar | | <u>69.938.502</u> | <u>(40.234.032)</u> |
| Hækkun (lækkun) á handbæru fé | | 19.901.396 | (28.254.083) |
| Handbært fé í ársbyrjun | | <u>224.002</u> | <u>28.478.085</u> |
| Handbært fé í árslok | | <u>20.125.398</u> | <u>224.002</u> |
| Fjárfesting og fjármögnun án greiðsluáhrifa: | | | |
| Fráveitukerfi | | (250.101.247) | 0 |
| Hreinsivirki | | (184.146.350) | 0 |
| Leiguskuldir hreinsivirkja | | 303.689.267 | 0 |
| Hlutafé | | 333.306.421 | 0 |
| Annað eigið fé | | (202.748.091) | 0 |
| Aðrar upplýsingar: | | | |
| Greiddur fjármagnskostnaður | | 48.830.378 | 23.229.389 |

Skýringar

1. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Hitaveitu Egilsstaða og Fella ehf. er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum og byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

2. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

a. Innlausn tekna

Tekjur af sölu á vatni eru færðar í rekstrarreikningi við útgáfu reiknings. Aðrar tekjur eru færðar í rekstrarreikningi við afhendingu vöru og þjónustu til kaupanda.

b. Færsla gjalda

Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

c. Verðlags- og gengisviðmið

Eignir og skuldir, sem bundnar eru verðlagsvísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla eru færðar í ársreikninginn miðað við verðlag eða gengi í árslok. Verðlagsbreytingar og gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

d. Óefnislegar eignir

Vatnsréttindi veitunnar eru færð til eignar í efnahagsreikningi sem óefnislegar eignir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti miðað við eignarhaldstíma rekstrarfjármuna, þar til 10% niðurlagsverði er náð.

e. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum.

Leigðar eignir eru sérhæfð hreinsivirki í fráveitu sem félagið leigir til sín til samkvæmt langtímaleigusamningi. Kostnaðarverð leigðra eigna telst vera gangverð hinnar leigðu eignar á samningsdegi eða núvirði lágmarksleigugreiðslna leigusamnings sé það lægra.

Vaxtagjöld af lánsfé sem nýtt er til fjármögnunar á rekstrarfjármunum í byggingu eru eignfærð á byggingartíma. Eftir að eignirnar eru teknar í notkun eru vaxtagjöld færð til gjalda í rekstrarreikningi.

f. Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna annarra en leigðra eigna

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna þar til 10% niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími rekstrarfjármuna greinist þannig:

| | |
|--|----------|
| Stofnæðar og dreifikerfi hitaveitu..... | 25-40 ár |
| Dælustöðvar, kyndistöð og fasteignir | 25 ár |
| Borholur hitaveitu | 20-33 ár |
| Vatnsveitukerfi..... | 25-40 ár |
| Fráveitukerfi..... | 25 ár |
| Bifreiðar, áhöld og búnaður..... | 3-5 ár |

g. Afskriftir leigðra eigna

Afskriftir leigðra eigna eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað leigutíma eða nýtingartíma sé hann styttri. Afskriftartími leigðra eigna greinist þannig:

| | |
|----------------------------|-------|
| Hreinsivirki fráveitu..... | 20 ár |
|----------------------------|-------|

h. Eignarhlutir í hlutdeildarfélagi

Eignarhlutur í hlutdeildarfélagi er eignfærðir á því verði sem svarar til hlutdeildar félagsins í hreinni eign þeirra.

Skýringar, frh.:

i. Tekjuskattsinnæign

Tekjuskattur af afkomu ársins samanstendur af tekjuskatti til greiðslu vegna ársins og frestuðum tekjuskatti. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema þegar hann varðar liði sem eru færðir beint á eigið fé, en í þeim tilvikum er tekjuskatturinn færður á eigið fé.

Tekjuskattur til greiðslu er áætlaður tekjuskattur sem greiða skal vegna skattskyldra tekna ársins, miðað við gildandi skatthlutfall á uppgjörssdegi og allar leiðréttingar á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára. Frestaður tekjuskattur er færður í samræmi við efnahagsskuldbindingaraðferðina vegna tímabundinna mismuna á bókfærðu verði eigna og skulda í ársreikningnum annars vegar og samkvæmt skattverði þeirra hins vegar. Fjárhæð frestaðs tekjuskatts er byggð á áætlaðri innlaun eða uppgjöri bókfærðs verðs eigna og skulda, með því að beita gildandi skatthlutfalli á uppgjörssdegi.

Skatteign er einungis færð að því marki sem líklegt er að hægt sé að nýta framtíðarhagnað á móti eigninni. Skatteignin er lækkuð að því marki sem talið er að hún nýtist ekki.

j. Verðbréfaeign

Félagið á í skulda- og peningamarkaðssjóðum Íslenskra verðbréfa hf. samtals að fjárhæð 2,2 millj. kr. og er verðbréfaeignin færð til eignar í samræmi við viðskiptagengi í lok árs. Umræddir sjóðir eru í slitaferli og ráðast útgreiðslur af afborgunum skuldabréfa og sölu eigna. Þar sem óvissa er um hvenær útgreiðslur fara fram eru ekki færðar næsta árs afborganir meðal veltufjármuna.

k. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar niður í ársreikningnum. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður mótreikningur, sem mæta á þeim kröfum, sem kunna að tapast og er hann dreginn frá viðskiptakröfum í efnahagsreikningi.

l. Handbært fé

Sjóður og bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

Skýringar, frh.:

3. Starfsþáttayfirlit

Starfsþáttaupplýsingar eru birtar eftir rekstrarsviðum félagsins samkvæmt skipulagi og innri upplýsingagjöf félagsins.

| | Hitaveita | Vatnsveita | Fráveita | Samtals |
|--|-------------|-------------|----------------|---------------|
| 2011 | | | | |
| Rekstrartekjur | 144.383.810 | 66.032.993 | 81.127.690 | 291.544.493 |
| Rekstrargjöld | 69.324.965 | 39.845.195 | 72.113.249 | 181.283.409 |
| Rekstrarafkoma starfsþátta | 75.058.845 | 26.187.798 | 9.014.441 | 110.261.084 |
| Óskiptir liðir | | | | |
| Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld | | | (107.024.700) | |
| Tekjuskattur | | | 49.037.120 | |
| Áhrif hlutdeildafélags | | | (802.648) | |
| Tap tímabilsins | | | | 51.470.856 |
| Hagnaður EBITDA | 99.908.162 | 40.083.410 | 34.751.669 | 174.743.241 |
| Eignir starfsþátta | 794.962.009 | 419.176.714 | 411.555.828 | 1.625.694.551 |
| Óskiptar skuldir | | | | 1.460.704.739 |
| Fjárfestingar | 235.530.711 | 13.691.085 | 3.045.459 | 252.267.255 |
| Afskriftir | 24.849.317 | 13.895.612 | 25.737.228 | 64.482.157 |
| | | Hitaveita | Vatnsveita | Samtals |
| 2010 | | | | |
| Rekstrartekjur | | 120.424.404 | 65.768.079 | 186.192.483 |
| Rekstrargjöld | | 72.226.261 | 48.159.911 | 120.386.172 |
| Rekstrarafkoma starfsþátta | | 48.198.143 | 17.608.168 | 65.806.311 |
| Óskiptir liðir | | | | |
| Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld | | | (4.747.918) | |
| Tekjuskattur | | | (309.195) | |
| Áhrif hlutdeildafélags | | | (656.186) | |
| Hagnaður tímabilsins | | | | 60.093.013 |
| Hagnaður EBITDA | | 72.161.048 | 31.313.719 | 103.474.767 |
| Eignir starfsþátta | | 584.280.615 | 419.381.241 | 1.003.661.856 |
| Óskiptar skuldir | | | | 939.146.170 |
| Fjárfestingar | | 55.221.960 | 24.952.146 | 80.174.106 |
| Afskriftir | | 23.962.905 | 13.705.551 | 37.668.456 |

4. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld á tímabilinu greinast þannig:

| | 2011 | 2010 |
|---|--------------|------------|
| Laun | 26.671.371 | 22.761.466 |
| Áunnið orlof, breyting | (119.205) | 127.880 |
| Launatengd gjöld | 6.729.874 | 5.724.209 |
| Eignfærð laun og launatengd gjöld | (2.283.691) | 0 |
| Laun og launatengd gjöld samtals | 30.998.349 | 28.613.555 |
| Fjöldi starfsmanna í lok tímabils | 3 | 3 |

Laun stjórnar og framkvæmdastjóra námu samtals 15,1 millj. kr. á árinu 2011.

Skýringar, frh.:

5. Hrein fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:

| | 2011 | 2010 |
|--------------------------------|----------------|---------------|
| Vaxtatekjur og verðbætur | 12.800 | 1.049.906 |
| Vaxtagjöld og verðbætur | (79.480.718) | (34.248.820) |
| Gengismunur | (27.556.782) | 28.450.996 |
| Hrein fjármagnsgjöld | (107.024.700) | (4.747.918) |

6. Óefnislegar eignir

Á eignaliðinn vatnsréttindi er færð fjárfesting í vatnsréttindum sem færð eru til gjalda á 50 árum. Þessi liður greinst þannig:

| | |
|-------------------------------|------------|
| Bókfært verð 1.1.2011 | 1.421.535 |
| Afskrifað á árinu | (54.674) |
| Bókfært verð 31.12.2011 | 1.366.861 |

7. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir, endurmat þeirra og afskriftir greinast þannig:

| | Kyndistöð, fasteign og búnaður | Borholur og dreifikerfi hitaveitu | Vatnsveitu- kerfi | Fráveitu- kerfi | Samtals |
|----------------------------------|--------------------------------------|---|----------------------|--------------------|-------------------|
| Heildarverð 1.1. 2011 | 46.060.119 | 1.155.094.514 | 569.888.911 | 0 | 1.771.043.544 |
| Afskrifað áður | (26.531.115) | (591.764.438) | (150.507.670) | 0 | (768.803.223) |
| Bókfært verð 1.1. 2011 | 19.529.004 | 563.330.076 | 419.381.241 | 0 | 1.002.240.321 |
| Fráveitukerfi yfirtekið | | | | 456.464.345 | 456.464.345 |
| Viðbót á árinu | 2.400.000 | 233.130.711 | 13.691.085 | 3.045.459 | 252.267.255 |
| Afskrifað á árinu | (1.113.978) | (23.680.665) | (13.895.612) | (12.910.600) | (51.600.855) |
| Fráveita yfirt. afskriftir | | | | (206.363.098) | (206.363.098) |
| Bókfært verð 31.12 2011 | 20.815.026 | 772.780.122 | 419.176.714 | 240.236.106 | 1.453.007.968 |
| Heildarverð 31.12 2011 | 48.460.119 | 1.388.225.225 | 583.579.996 | 459.509.804 | 2.479.775.144 |
| Afskrifað samtals | (27.645.093) | (615.445.103) | (164.403.282) | (219.273.698) | (1.026.767.176) |
| Bókfært verð 31.12 2011 | 20.815.026 | 772.780.122 | 419.176.714 | 240.236.106 | 1.453.007.968 |
| Afskriftahlutföll | 4-33% | 2,5-4% | 2,5-4% | 4% | |

Leigðar eignir greinast þannig:

| | |
|---|----------------|
| Hreinsivirki í fráveitu yfirtekið | 184.146.350 |
| Afskrifað á árinu | (12.826.628) |
| Bókfært verð | 171.319.722 |

Varanlegir rekstrarfjármunir samtals 1.624.327.690

Afskriftahlutföll

5%

Afskriftir samkvæmt rekstrarreikningi greinast þannig:

| | |
|--|------------|
| Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna, hitaveita | 24.794.643 |
| Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna, vatnsveita | 13.895.612 |
| Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna, fráveita | 12.910.600 |
| Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna, leigugeignir | 12.826.628 |
| Afskrift óefnislegra eigna, sbr. skýringu 6 | 54.674 |
| Fært í rekstrarreikning | 64.482.157 |

Skýringar, frh.:

8. Eignarhlutir í öðrum félögum

| | Eignarhlutur | Nafnverð | Bókfært verð |
|------------------|--------------|-----------|--------------|
| Skógarorka | 44,8% | 9.000.000 | 9.547.639 |

9. Fasteignamat og vátryggingaverð

Fasteignamat fasteigna félagsins var 29,3 millj. kr. og lóða 14,6 millj. kr., eða samtals 43,9 millj. kr. í árslok 2011. Á sama tíma nam brunabótamat fasteigna 128,7millj. kr.

10. Viðlagatrygging

Samkvæmt ákvæðum laga og reglugerðar um viðlagatryggingu eru veitumannvirki tryggð vegna náttúruhamfara. Tryggingaverðmæti hitaveitu 536,0 millj. kr. fyrir árið 2011, 204,1 millj. kr. fyrir vatnsveitu og 592,8 millj. kr. fyrir fráveitu.

11. Tekjuskattseign

Tekjuskattseign félagsins greinist þannig:

| | |
|--------------------------------------|------------|
| Tekjuskattseign í ársbyrjun | 31.990.920 |
| Reiknaður tekjuskattur | 49.037.120 |
| Tekjuskattseign í lok tímabils | 81.028.040 |

Tekjuskattseign félagsins skiptist þannig:

| | |
|------------------------------------|---------------|
| Varanlegir rekstrarfjármunir | (1.416.970) |
| Óefnislegar eignir | 273.368 |
| Eignahlutur í félagi | (109.528) |
| Viðskiptakröfur | 3.214.261 |
| Leiguskuldir | 57.345.102 |
| Frestaður gengishagnaður | 1.777.504 |
| Yfirfærlegt tap | 58.083.510 |
| | 119.167.246 |
| Niðurfærsla skatteignar | (38.139.206) |
| | 81.028.040 |

12. Verðbréfaeign

Verðbréfaeign greinist þannig:

| | |
|---|-----------|
| Verðbréf í skuldabréfa- og peningamarkaðssjóðum | 2.216.450 |
| Verðbréfeign samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir | 2.216.450 |

13. Viðskiptakröfur

Niðurfærsla viðskiptakrafna greinist þannig:

| | 2011 | 2010 |
|---|------------|------------|
| Niðurfærsla í ársbyrjun | 14.912.229 | 11.711.742 |
| Gjaldfærð niðurfærsla tímabilsins | 1.159.077 | 3.200.487 |
| Niðurfærsla í lok tímabilsins | 16.071.306 | 14.912.229 |

14. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

| | Hlutfé | Ójafnað eigið fé | Samtals |
|------------------------------|-------------|------------------|-------------|
| Eigið fé 1.1. 2011 | 100.000.000 | 36.695.360 | 136.695.360 |
| Yfirtekið frá Fráveitu | 333.306.421 | (202.748.091) | 130.558.330 |
| Hagnaður ársins | | 51.470.856 | 51.470.856 |
| Eigið fé 31.12.2011 | 433.306.421 | (114.581.875) | 318.724.546 |

Skýringar, frh.:

15. Langtímaskuldir

Yfirlit um langtímaskuldir:

Skuldir í íslenskum krónum:

| | |
|--|----------------|
| Verðtryggð lán, vextir 3,9-5,3% á gjalddögum til 2027 | 191.702.022 |
| Óverðtryggð lán, vextir 5,7-6,0% á gjalddögum til 2036 | 385.000.000 |
| Gengistryggð lán, vextir 0,5%-1,8% á gjalddögum til 2033 | 441.956.748 |
| Langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir | 1.018.658.770 |
| Næsta árs afborganir | (53.133.229) |
| Langtímaskuldir í efnahagsreikningi samtals | 965.525.541 |

Framangreind vaxtahlutföll eru í samræmi við gildandi vaxtakjör lána í árslok 2011.

Lán eru öll tekin hjá innlendum fjármálastofnunum.

Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig á næstu ár:

| | Skuldir í íslenskum kr. | Skuldir í erl gjaldmiðlum | Samtals |
|--|----------------------------|------------------------------|---------------|
| Árið 2012 | 32.084.227 | 21.049.002 | 53.133.229 |
| Árið 2013 | 36.084.227 | 21.049.002 | 57.133.229 |
| Árið 2014 | 36.084.227 | 21.049.002 | 57.133.229 |
| Árið 2015 | 36.084.227 | 21.049.002 | 57.133.229 |
| Árið 2016 | 36.084.227 | 21.049.002 | 57.133.229 |
| Síðar | 400.280.887 | 336.711.738 | 736.992.625 |
| Langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir | 576.702.022 | 441.956.748 | 1.018.658.770 |

16. Skuldir við tengda aðila

Skuld við Fljótsdalshérað:

| | |
|--|---------------|
| Verðtryggt lán, vextir 4,5% á gjalddögum til 2014 | 7.986.426 |
| Næsta árs afborganir | (1.996.607) |
| Skuldir við tengda aðila í efnahagsreikningi samtals | 5.989.819 |

Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig á næstu ár:

| | |
|--|-----------|
| Árið 2012 | 1.996.607 |
| Árið 2013 | 1.996.607 |
| Árið 2014 | 1.996.605 |
| Langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir | 5.989.819 |

Skýringar, frh.:

17. Leiguskuldir

Félagið hefur gert leigusamninga um hreinsivirki, sem færðir eru til skuldar.

| | |
|---|--------------------|
| Samtals leiguskuld, þ.m.t. næsta árs afborgun | 301.683.552 |
| Næsta árs afborgun | (18.603.350) |
| Samtals langtímahluti leiguskulda | <u>283.080.202</u> |

Aðrir upplýsingar um leigusamninga:

| | Leigutími | Afvöxtunar- stuðull | Núvirtar af- borganir alls |
|--------------------|-----------|------------------------|-------------------------------|
| Hreinsivirki | 2003-2027 | 6,4% | 301.683.552 |

Ónúvirtar lágmarksleigugreiðslur næstu ára greinast þannig:

| | |
|-----------------|--------------------|
| Árið 2012 | 41.740.030 |
| Árið 2013 | 41.740.030 |
| Árið 2014 | 41.740.030 |
| Árið 2015 | 41.740.030 |
| Árið 2016 | 41.740.030 |
| Síðar | 318.895.390 |
| Samtals | <u>527.595.540</u> |

Greiðslur vegna leigusamninga námu á árinu 2011 40,7 millj. kr.

18. Fyrirframinnheimtar tekjur

Tekjur af tengigjöldum vegna nýframkvæmda á dreifikerfum í hitaveitu námu á árinu 83,9 millj. kr. eða um 37% af tekjum hitaveitunnar. Almenn hefur verið miðað við að fari tengigjöld umfram 5% af heildartekjum séu þau færð til tekna á nýtingartíma dreifikerfisins. Samtals nema fyrirframinnheimtar tekjur vegna tengigjalda 96,5 millj. kr. og er áætlað að færa umrædd tengigjöld til tekna á 40 árum.

Þá er færðar sem fyrirframinnheimtar tekjur leiga sem Rarik greiddi HEF vegna húsnæðis við Urriðavatn, samtals að fjárhæð 1,2 millj. kr. Sú fjárhæð færist til tekna á næstu 12 árum.

Tekjur að fjárhæða 97,7 millj. kr. eru færðar til skuldar sem fyrirframinnheimtar tekjur í árslok 2011. Þar færist 2,5 millj. kr. meðal veltufjármuna sem næsta árs innlausn, sem þýðir að sú fjárhæð færist til tekna á árinu 2012.

19. Skattamál

Yfirfæranlegt skattalegt tap sem ekki nýtist á móti hagnaði innan tíu ára frá því það myndast fellur niður. Yfirfæranlegt skattalegt tap í árslok er nýtanlegt sem hér segir:

| | |
|--|--------------------|
| Tap ársins 2006 yfirfæranlegt til 2016 | 7.113.519 |
| Tap ársins 2007 yfirfæranlegt til 2017 | 9.167.243 |
| Tap ársins 2008 yfirfæranlegt til 2018 | 239.530.364 |
| Tap ársins 2009 yfirfæranlegt til 2019 | 34.606.424 |
| Samtals | <u>290.417.550</u> |

20. Ábyrgðarskuldbindingar

Félagið samþykkti á árinu að veita hlutdeildarfélagin sínu, Skógarorku ehf., hlutfallslega sjálfskuldarábyrgð (pro rata ábyrgð), í samræmi við eignarhlut sinn í félaginu, vegna lántöku félagsins hjá Íslandsbanka hf. Eftirstöðvar lánsins námu í árslok 2010 12,4 millj. kr. nemur ábyrgð HEF því 44,8% þeirra fjárhæðar eða um 5,5 millj. kr.

Skýringar, frh.:

21. Kennitölur og yfirlit

Fimm ára yfirlit í þúsundum króna á verðlagi hvers árs:

| | 2011 | 2010 | 2009 | 2008 | 2007 |
|----------------------------------|-------------|-------------|-------------|-------------|-------------|
| Rekstur: | | | | | |
| Rekstrartekjur | 291.544 | 186.192 | 170.111 | 162.061 | 156.457 |
| Rekstrargjöld án afskrifta | (52.319) | (82.718) | (75.560) | (78.902) | (67.391) |
| Hagnaður fyrir afskriftir | 239.225 | 103.474 | 94.551 | 83.159 | 89.066 |
| Afskriftir | (64.482) | (37.668) | (32.878) | (38.029) | (33.332) |
| Hagnaður fyrir | | | | | |
| fjármagnsliði | 174.743 | 65.806 | 61.673 | 45.130 | 55.734 |
| Fjármunatekjur og | | | | | |
| fjármagnsgjöld | (107.025) | (4.748) | (71.302) | (269.437) | (36.553) |
| Áhrif hlutdeildarfélags | (803) | (656) | 2.006 | | |
| Hagnaður (tap) ársins | | | | | |
| fyrir tekjuskatt | 67.718 | 61.058 | (9.629) | (224.307) | 19.181 |
| Tekjuskattur ársins | 49.037 | (309) | 7.838 | (5.690) | (5.546) |
| Hagnaður (tap) ársins | 115.952 | 60.093 | 215 | (229.997) | 13.635 |
| Efnahagur: | | | | | |
| Fastafjármunir | 1.718.487 | 1.050.454 | 1.009.728 | 856.020 | 745.562 |
| Veltufjármunir | 60.943 | 25.386 | 68.276 | 139.111 | 98.690 |
| Eignir samtals | 1.779.430 | 1.075.840 | 1.078.004 | 995.131 | 844.252 |
| Eigið fé | 318.725 | 136.695 | 76.602 | 76.387 | 306.384 |
| Langtímaskuldir | 1.349.817 | 849.859 | 902.636 | 836.473 | 455.828 |
| Skammtímaskuldir | 110.887 | 89.287 | 98.766 | 82.271 | 82.041 |
| Eigið fé og skuldir samtals | 1.779.429 | 1.075.841 | 1.078.004 | 995.131 | 844.253 |
| | 2011 | 2010 | 2009 | 2008 | 2007 |
| Helstu kennitölur: | | | | | |
| Meðal gjaldfrestur í dögum | 47 | 38 | 52 | 26 | 25 |
| Veltufé frá rekstri | 129.160 | 80.672 | 79.177 | 65.870 | 73.699 |
| Veltufjárhlutfall | 0,55 | 0,28 | 0,73 | 1,69 | 1,20 |
| Eiginfjárhlutfall | 17,9% | 12,7% | 6,9% | 7,7% | 36,3% |
| Arðsemi eiginfjár | 37,7% | 78,4% | (2,3%) | (75,1%) | 4,7% |

